



Fundargerð
ársfundur Háskólans á Akureyri 2011, haldinn í hátíðarsal á Sólborg
29. nóvember. Fundarstjóri: Astrid Margrét Magnúsdóttir.
Fundarritari: Guðrún M. Kristinsdóttir

Rektor setti fund og bauð fundarmenn velkomna og tilnefndi fundarstjóra og ritara.
Fundarstjóri kynnti dagskrá.

1. Stefán B. Sigurðsson rektor: Staða og starfsemi Háskólans á Akureyri

Rektor vísaði til 38. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri sem fjallar um ársfund. Kvaðst hann hafa hug á að halda ársfund á fyrri hluta árs næst ef ekkert mælir á móti því. Fór hann síðan yfir stöðu og starfsemi háskólans á árinu 2010. M.a. sýndi rektor yfirlit yfir fjölda ársnema og skiptingu þeirra í staðar-fjar- og lotunema sem og fjölda brautskráðra árið 2010 með samanburði við undanfarin ár. Birtingum ritrýndra greina fjölgaði mjög milli ára 2009 og 2010. Rektor gat tveggja skýrslna frá 2010 sem báðar eru afrakstur vinnuhópa: *Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri – Stefnumótun, og Sóknarfæri kennara HA í öflun rannsóknastyrkja.*

Greindi rektor frá vinnu starfshóps um réttindi og skyldur nemenda sem skilaði þeim árangri að samþykkt var ákveðið ferli fyrir kvartanir nemenda sem varða nám þeirra. Fram fór úttekt á lögfræðinámi við HA á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Niðurstöður í lokaskýrslu sem barst HA árið 2011 eru jákvæðar að langflestu leyti. Þá greindi rektor frá því að hafinn er undirbúningur að hönnun fimmta áfanga bygginga á Sólborg sem jafnframt er lokaáfangi.

Stefna menntamálaráðuneytisins um opinbera háskóla leit dagsins ljós í ágúst 2010.

Rektor sagði frá Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna og helstu markmiðum sem unnið er að á þeim vettvangi en þau varða: samræmt gæðakerfi, matskerfi og upplýsingakerfi, samræmingu stoðþjónustu og stjórnáslu, sameiginlega miðstöð framhaldsnáms, sameiginlega vefgátt og umsóknagátt og samræmingu hvað varðar námsframboð og rannsóknir í ákveðnum greinum. Sagði rektor frá hvernig staða einstakra mála er í dag.

Loks setti rektor fram þá framtíðarsýn fyrir HA að skólinn tæki fullan þátt í samstarfsneti opinberu háskólanna. Áhersla yrði á blöndu af staðarnámi, fjarnámi og lotunámi og nám sem óháð er stað og stund. Einnig yrði haft samstarf við þekkingarsetur og símenntunarmiðstöðvar.

Grunn- og meistaranám í kennarafræði, hjúkrunarfræði og viðskiptafræði verða áfram grunnstoðir námsins ásamt félagsvísindum og auðlindafræðum. Sérstaða háskólans mun byggja á kennslu í lögfræði og heimskautalögfræði, norðurslóðafræðum, sjávarútvegsfræði, iðjuþjálfun og skólaþróun. Rektor býst við að samstarf háskólans við Sjúkrahúsið á Akureyri og við stjórnir sveitarfélaga á landsbyggðinni muni aukast.



2. Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri: Rekstur háskólans

Ólafur tók undir það sjónarmið að æskilegt væri að ársfundur væri haldinn fyrr á ári hverju að því gefnu að rekstrarniðurstöður lægju fyrir.

Ólafur sagði frá niðurstöðum rekstrarreiknings fyrir árið 2010. Tekjuafgangur var 28 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði 15 mkr. Afgangur umfram áætlun stafar af því að innritunargjöld voru hærri en gert var ráð fyrir, einkum vegna innritunar um áramót, og af því að á árinu voru gerð upp rannsóknaverkefni sem gjaldfærð voru 2008 og 2009, um 10 mkr.

Höfuðstóll íársbyrjun 2012 er neikvæður um 50 mkr. vegna hallareksturs frá því fyrir árið 2007.

Uppsafnaður rekstrarhalli hefur því lækkað úr 336 mkr. í ársbyrjun 2007 í 50 mkr. í árslok 2011.

Ólafur sýndi að fjárframlag ríkissjóðs pr. ársnema lækkar um 37% á tímabilinu 2008-2011. Sagði hann að vel hefði tekist að hagræða í rekstri háskólans til að bregðast við þessu og þakkaði Ólafur starfsfólki háskólans fyrir þann árangur.

Ólafur býst við að rekstur háskólans árið 2011 verði hallalaus. Varðandi rekstrarhorfur 2012 sagði hann unnið að því að skipuleggja reksturinn þannig að svo yrði áfram. Ítrekaði Ólafur nauðsyn þess að háskólinn væri rekinn hallalaus og héldi því trausti stjórnvalda sem hann hefur áunnið sér með því að sýna ábyrgð í rekstri.

Nokkrar fyrirspurnir komu til rektors og Ólafs frá fundarmönnum. Í svörum kom m.a. fram að kostnaður pr. brautskráðan nemanda frá HA er nánast sá sami og í HÍ.

Einnig kom fram að með afgangi frá rekstri háskólans verður smám saman greiddur niður halli fyrri ára, en árið 2008 fékk háskólinn verulega aukafjárveitingu til að lækka hann.

Varðandi Miðstöð skólaþróunar og RHA sagði Ólafur það vera í höndum forstöðumanna að efla rekstur þeirra eininga og ráða starfsfólk eins og tekjur af verkefnum leyfa.

3. Erindi, Rósa Guðrún Eggertsdóttir sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar:

Byrjendalæsi, samvirk kennsluáðferð í 1. og 2. bekk.

Rósa Guðrún kynnti verkefni Miðstöðvar skólaþróunar en það er nú á sjöunda ári.

Byrjendalæsi er áðferð til að bæta almenna lestrarkennslu í fyrsta og öðrum bekk en áðferðin vinnur ekki á lesblindu. Um 40% grunnskóla á Íslandi nota byrjendalæsi og njóta kennslu og stuðnings sérfræðinga Miðstöðvar skólaþróunar í tvö ár við innleiðslu verkefnisins og eftirfylgni með því en auk þess eru haldnar ráðstefnur á tveggja ára fresti. Fleiri skólar hafa óskað eftir að komast að.

Hlutfall stúlkna/drengja sem njóta mælanlegs árangurs af byrjendalæsi hefur jafnast frá árinu 2006 og var árið 2010 73% stúlkna og 68% drengja.

Byrjendalæsi hefur reynst vera nýr valkostur við lestrarkennslu. Áðferðir eru skipulagðar og árangur mældur á skilgreindan hátt. Byrjendalæsi er grunnur fyrir áframhaldandi þróun verkefna fyrir 3. – 10. bekk, eða með öðrum orðum læsi fyrir allan grunnskólann. Byrjendalæsi er þannig að kennarar læra áðferðina í starfi sínu. Áðferðir byrjendalæsis er hægt að nota beint eða yfirfærðar annarsstaðar og þær munu nýtast vel í fátækum samfélögum.

Ávinniningur af Byrjendalæsi er m.a. sá að læsi er fag á eigin forsendum, læsiskennsla verður í boði allan grunnskólann, að allir kennarar fá menntun á sviði læsis og að til verða kennarar með sérþekkingu á grunnlæsi. Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn hér á landi sem hefur í boði námsbraut fyrir lestrarfræðinga.

4. Erindi, Hjörleifur Einarsson prófessor: ***Mjúkar perlur úr hafinu. Um nýjungar í nýtingu örsmárra sjávarlífvera.***



Hjörleifur greindi frá því að í hafinu er að finna lífverur og lífræn sem og ólífræn efni sem í dag eru lítið eða ekki nýtt. Möguleikar í að efla sjávarlíftækni eru því miklir á meðan staða fiskveiða er þannig að líklega er ekki hægt að sækja öllu meiri lífmassa úr sjó en nú er gert.

Nefna má lífefnaleit, þ.e. skimun eftir og könnun á eiginleikum lífefna úr sjó og sjávarfangi, að nota sjávarlífefni til niðurbrots annarra efna í því skyni að framleiða orku, og að nýta lífefni til að bæta og auka fiskeldi.

Framleiðsla á fjölmömettuðum omega3 fitusýrum úr sjávarlífverum er dæmi um það. Hjörleifur nefndi þrjár skýrslur um lífefnaleit úr sjó, niðurbrot efna með sjávarlífverum og notkun sjávarlífefna til lækningar fisksjúkdóma, sem sérfræðingar við auðlindadeild hafa HA hafa unnið fyrir Iðnaðarráðuneytið.

Biopol rannsóknastofnunin rannsakar nú í samstarfið við sérfræðinga HA frumlífverurnar Thraustochytrids (Trausti) sem eru lítið kannaðar við Ísland. Lífverurnar safnast saman í mjúkar kúlur, nokkurskonar lýsisperlur úr hafinu, þar af kemur nafn erindisins.

Rannsakaðir eru eiginleikar Trausta hér við land, sérstaklega getu til að framleiða fjölmömettaðar fitusýrur sem skortur er á, hvort hægt er auka framleiðslugetuna og rækta þær í stórum stíl, og hvort hægt er að marka rannsóknunum sérstöðu hér á landi en eiginleikar Trausta er þekktir, t.d. í Bandaríkjunum.

Hjörleifur sagði verkefnið vera gott dæmi um hvernig nýta má framlög úr rannsóknasjóðum til að byggja upp rannsóknir og nýsköpun á landsbyggðinni.

5. Erindi, Sigríður Halldórsdóttir prófessor: Framtíðarþróun rannsóknastarfsemi á Íslandi og þátttaka Háskólans á Akureyri í þeim efnum.

Sigríður sagði frá því að hún á sæti í Vísindanefnd, tilnefnd af menntamálaráðherra, og í Vísinda- og tækniráði tilnefnd af forsætisráðherra. Þá á hún sæti í Hvítbókkarráði sem er ætlað að leggja fram tillögur um framtíðarþróun rannsóknastarfsemi á Íslandi.

Sigríður greindi frá að Íslendingar verja stærri hluta vergrar landsframleiðslu til menntamála en meðaltal OECD ríkjanna er. Hins vegar er hlutfallslega minni fjármunum ráðstafað til háskóla, og meiri til grunn- og framhaldsskóla hér á landi. Sigríður taldi að það yrði að leiðrétta hvað háskólana varðar. Benti hún á mikla virkni íslenskra háskóla. Í samanburði við OECD eru hlutfallslega fleiri Íslendingar 25-64 ára með háskólamenntun, og samanborið við hin Norðurlöndin fjölga birtingum á ritrýndum fræðigreinum í fagtímaritum mest á Íslandi.

Sigríður sagði að fjármunum til rannsókna hér á landi myndi verða beint í samkeppnissjóði í auknum mæli, og að við úthlutun úr sjóðum yrði lítið til árangurs háskólanna. Sagði hún frá því að Vísinda- og tækniráð hefur samþykkt að taka upp kerfi til að meta árangur rannsókna sambærilegt við CRISt-in (Current Research Information System in Norway). Það er nú notað af flestum háskólun, rannsóknastofnunum og heilbrigðisstofnunum í Noregi. Með því er metinn afrakstur rannsókna, nýsköpunar og þróunar og fjármagni er úthlutað eftir árangri. Lítið er til fjögurra þátta:

- Birtinga ritrýndra fræðigreina, tímaritum er skipt í fyrsta flokk og annan flokk
- Fjölda doktorsnema sem útskrifast



- Styrkja sem aflað er innanlanda
- Styrkja sem aflað er erlendis frá.

Framlag frá ríki er hærra fyrir birtingar í tímaritum í fyrsta flokki. Íslenska útgáfan af CRISt-in kerfinu mun líta til fjölda birtinga ritrýndra fræðigreina sem er mikilvægt fyrir HA sem enn sem komið er býður ekki upp á doktorsnám.

Sigríður sagði nauðsynlegt fyri HA að taka upp rannsóknamisseri aftur og efla Rannsóknasjóð HA. Einnig þarf að þróa doktorsnám við háskólann. Þá taldi Sigríður að ráðning sérfræðings til að aðstoða fræðimenn við gerð rannsókna myndi verða þeim til framdráttar. Sigríður undirstrikaði að afrakstur rannsókna kennara við HA, sem er skilgreindur hluti af starfi þeirra, yrði að vera sýnilegur. Sem dæmi um aðgerðir til að ýta undir rannsóknir við HA nefndi Sigríður stofnun rannsóknahópa og að kennarar án doktorsprófs skrái sig í doktorsnám.

Sigríður ítrekaði nauðsyn þess að setja rannsóknir í forgang eftir ýmsum leiðum, bæði til að halda þeim fjármunum sem þegar fást til rannsókna, og til að auka þá.

6. Önnur mál

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Rektor þakkaði fyrirlesurum og framkvæmdastjóra fyrir erindi þeirra og fundarmönnum fundarsetuna. Fleira ekki gert og fundi slitið.